

39. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , 07.08 2012 kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. Laugarfell

3. Fjallaskarð

Minnisblað 16.07

4. Miðvangur 6

Orðsending Verkfræðistofu Austurlands nr. 1 til verktaka 02.07

5. Hengifoss, skipulag, hönnun, framtíðarsýn

6. Endurskoðun Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2002-2014

Tilboð í endurskoðun aðalskipulagsins

7. Innkaupareglur

8. Refaveiðar

9. Umhverfisstyrkir

a) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt

b) Jósef Valgarð og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðvöllum fremri

10. Fjárbeiðnir

a) Sr.Lára G.Oddsdóttir

b) Hjördís Hilmarsdóttir, Perlur Fljótsdalshéraðs

11. Fundargerðir

a) Byggingarnefnd 06.07

b) Samband orkusveitarfélaga 20.02

12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Vegagerðin hefur endurnýja vegakort við Hengifossá. Eldra skilti með þjónustumerkjum og símanúmerum hefur verið tekið niður.

Formaður stjórnar Austurbrúar tilkynnti um miðjan júlí að framkvæmdastjóri hafi látið af störfum og stjórn og starfsfólk skipti með sér verkum framkvæmdastjóra, þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn.

Fljótsdalsdagur Ormsteitis er 19. ágúst. Hátíðardagskrá á Skriðuklaustri er að þessu sinni að stórum hluta tileinkuð minjasvæði á Skriðuklaustri, árlegir Þristaleikar og tónleikar eru þó á dagskrá eins og áður. 18. ágúst er opið málþing um fornleifarannsóknina á Skriðuklaustri.

Menntamálaráðuneytið hefur kynnt þá stefnumörkun að allur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gerst aðili að samstarfi um nýsköpun í opinberum rekstri.

Ferðamálastofa óskaði í júlí eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um skipulagsmál á ferðamannastöðum á Íslandi. Sambærilegum upplýsingum var safnað árið 2006.

Þjóðskrá Íslands hefur gefið út fasteignamat 2013. Samkvæmt skránni hækkar fasteignamat í Fljótsdalshreppi um 5%.

Unglingavinnu sumarsins lauk fimmtudaginn 26. júlí. Unglingarnir unnu ýmis verk s.s. umhirða lóðar Végarðs, kirkju og kirkjugarðs, ruslatínsla með vegum, smíði sandkassa á Végarðslóð, tiltekt í kjallara gistihúsa, fúavörn var borin á brú yfir Fellsá og hluta Melaréttar, tiltektarferð var farin í Sauðárkofa o.fl. Einum degi var varið í safnaferð á Minjasafn Austurlands og heyskap með fornum heyskáparhátum. Á lokadegi fór hópurinn á hestbak hjá ferðapjónustuaðila í Skriðdal og fékk grillveislu eftir reiðtúrinn.

Félagsþjónustan fylgist með fjárhagslegri stöðu þeirra málaflokka sem heyra undir félagsþjónustu í hverju sveitarfélagi fyrir sig og hefur óskað eftir upplýsingum þar um frá aðildarsveitarfélögum. Ekki hefur komið til óvæntra útláta í Fljótsdalshreppi hvað þennan málaflökk varða og staða í jafnvægi miðað við fjárhagsáætlun.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert drög að umsögn Sambandsins um drög að landsáætlun um úrgang og minnir sveitarfélög á að umsagnarfrestur rennur út 15. ágúst n.k.

Í tilefni af fjölskyldusamkomu og afmæla fyrrverandi prestshjóna á Valþjófsstað, var þeim hjónum færð gjöf frá sveitarfélaginu.

Gögn sem borist hafa:

Ársskýrsla Héraðs- og Austurlandsskóga 2011

1. Laugarfell.

Heimasíða skálans er <http://www.laugarfell.is/>. Í árlegri skoðun HAUST eru gerðar athugasemdir við að þakskegg við inngang hússins sé of lágt og að ekki hafi verið sótt um starfsleyfi fyrir heitar laugar. Sveitarstjórn lítur svo á að um náttúruleugar séu að ræða, þær lúti reglum þar um. Verklokafundur var haldinn 31.07. Fundargerð kynnt. Áfallinn heildarkostnaður vegna framkvæmda við Laugarfell. Þ.e. vegna húss, lóðar og vega er u.þ.b. 200 millj. Keyptar hafa verið vegstíkur og mun Vegagerðin sjá um að ganga frá þeim fyrir vetur.

Björn Sveinsson frá Verkís mætti til fundar kl 14.20.

2. Fjallaskarð.

Minnisblað 16.07. Skoðun á einingum. Kynnt. Við skoðun á einungu sem átti að fá í stað þeirrar ónýtu kom í ljós að það var ekki raunhæfur kostur vegna þess hve léleg hún var.

Oddviti leitaði álits lögmans um lögmæti endursamnings við verktakann vegna nýsmíðis húss, ef fallið verður frá gildandi verksamningi. Taldi hann það mögulegt innan tilgreindra marka. Verkís hefur lagt upp tillögu að 100m² húsi. HT- hús hefur gert tilboð í smíði þess fyrir kr. 16.985.200- með undirstöðum, en án raflagna og pípulagna. Samþykkt að Verkís fullvinni teikningar af húsinu og oddvita falið að endursemjja við HT- hús á grundvelli þess sem fyrir liggur, lögð verði áhersla á að undirstöður og lagnir í jörð verði frágengnar í sumar og húsið uppkomið næsta sumar eins fljótt og aðstæður leyfa.

3. Miðvangur 6

Orðsending Verkfræðistofu Austurlands nr. 1 til verktaka 02.07. Varðar ýmis framkvæmdaratriði við verkið.

4. Hengifoss, skipulag, hönnun, framtíðarsýn.

Samið hefur verið við Mannvit um mælingar af svæðinu sem unnið verður út frá við frekari hönnun. Styrkur sem fékkst frá Ferðamálaráði verður nýttur til þessa.

5. Endurskoðun Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2002-2014

Tilboð í endurskoðun aðalskipulagsins. Tvö tilboð hafa borit í verkið, annað frá Alta að upphæð kr 15.026.400- og hitt frá Landmótun að upphæð kr. 3.910.000-. Bæði verðin eru án vsk. Samþykkt að taka tilboði frá Landmótun og oodvita falið að ganga frá samningi. Styrkur frá Skipulagssjóði nemur 50% af samþykktum kostnaði.

6. Innkaupareglur. Drög að innkaupareglum eru til skoðunar fyrir næsta fund.

7. Refaveiðar . Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Ráðnir refaveiðimenn eru óánægðir með að hafa ekki yfirsýn yfir refaveiðar í sveitinni á grenjaveiðitímabili. Ef grendýr eru skotin án þeirra vitneskju getið það valdið erfiðleikum við að vinna grenin , þeir telja jafnframt að svo kunni að vera að þeir hafi orðið fyrir tekjumissi af þessum sökum.

Sveitarstjórn leggur til að ef refa verði vart innan grenjaveiðitímabils sé haft sé samband við ráðna veiðimenn. Ef bændur skjóta refi innan grenjaveiðitímabilsins til að forða tjóni, tilkynni þeir ráðnum veiðimönnum um veiðina.

Sérákvæði um refaveiðar 5.gr. reglugerðar hljóðar svo:

„ Á grenjatíma, sem telst vera frá 1. maí til 31. júlí, eru refaveiðar eingöngu heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til grenjavinnslu skv. 4. gr. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 4. gr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Skotmenn sem ráðnir eru samkvæmt 4. gr. skulu einnig vera til reiðu á grenjatíma ef refir valda tjóni og greni þeirra finnast eigi. Þar

sem veiðistjóra og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu.“

Oddviti falið að koma bókun sveitarstjórnar varðandi refaveiðarnar á framfæri í næsta fréttabréfi

8. Umhverfisstyrkir

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá tvær umsóknir sem borist hafa eftir að fundargögn voru send út. Samþykkt.

- a) Eyjólfur og Þórdís Melum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann vék af fundi.

- b) Jóhann og Sigrún Brekkugerði. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann kom til fundar.

Þorvarður vék af fundi. Lárus tók við fundarritun

- c) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Samþykkt breyting á umsókn frá 2012.

Þorvarður kom til fundar og tók við fundarritun

Gunnþórun vék af fundi og Jóhann tók við fundarstjórn

- d) Jósef Valgarð og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðvöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.

9. Fjárbeiðnir

- a) Sr.Lára G.Oddsóttir. Sótt er um styrk vegna rútuferðar til útimessu við Bjálfafell. Áætlaður kostnaður kr 55 þús. Samþykkt.

- b) Hjördís Hilmarsdóttir, Perlur Fljótsdalshéraðs. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr 30 þús.

10. Fundargerðir.

- c) Byggingarnefnd 06.07. Fjallað var um útsýnispall við minjasvæði við Skriðuklaustur. Byggingarnefnd samþykkir af sinni hálfu umsóknina. Sveitarstjórn staðfestir fundargerð byggingarnefndar.

- d) Samband orkusveitarfélaga 20.02. Kynnt.

11. Önnur mál.

Sveitarstjórn fékk úthlutað úr styrkvegasjóði kr 500 þús. Samþykkt að nota það í mölburð á vegkafla austan við Vegufs á Klausturselsleið.

ÚÍA stendur fyrir hjólreiðakeppni 12.08, keppnin fer að hluta fram í Fljótsdal og er óskað liðsinnis heimamanna við framkvæmd keppinnar.

Helgi Hallgrímsson hefur fært sveitarfélaginu að gjöf minningarrit um Laufeyju Ólafsdóttur sem fjölskyldan gaf út í tilefni aldarafmæli hennar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð .

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)